

# Greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna.

---

Kynningarfundur 30. desember 2020.



VINNUMÁLA  
STOFNUN

Service – Respect – Reliability



# Ný lög samþykkt á Alþingi 18. desember.

---

Vinumálastofnun mun fara með  
framkvæmd og er að vinna að innleiðingu.



## Umsókn um greiðslur.

---

Vinnumálastofnun vinnur að útfærslu og er þetta forgangsverkefni janúarmánaðar.

Áætlað að afgreiðslu- og umsóknarkerfi verði tilbúið í lok janúar.

Rafrænar umsóknir.

-Unnt að sækja um og skila gögnum á einum stað  
”Mínar síður” Vinnumálastofnunar

## Helstu skilyrði fyrir greiðslum.

---

- a. Íþróttafélagi hafi verið gert að fella niður starfsemi, að hluta eða öllu leyti, vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.
- b. Launamaður eða verktaki hafi ekki getað sinnt starfi sínu með hefðbundnum hætti á því tímabili sem félaginu hafi verið gert að fella niður starfsemi.
- c. Önnur atvik hafi ekki staðið í vegi fyrir því að viðkomandi gat ekki sinnt starfi sínu.
- d. Íþróttafélag hafi sannanlega greitt launamanni laun eða verktakagreiðslur á því tímabili sem félaginu hafi verið gert að fella niður starfsemi.

## Fylgigögn og upplýsingar frá félögum.

---

- Dæmi um fylgigögn sem óskað verður eftir:
- Upplýsingar um þá einstaklinga sem sótt er um greiðslu fyrir og þá daga sem þeir gátu ekki sinnt starfi sínu.
- Ráðningarsamningar, verktakasamningar.
- Afrit af reikningi fyrir verktakavinnu.
- Staðfesting á launa- og verktakagreiðslum.
- Upplýsingar um að hve miklu leyti starfsemi félags var felld niður og í hve langan tíma.

## Greiðslur.

---

- Greiðslur til íþróttafélaga geta numið launakostnaði eða verktakagreiðslum á því tímabili sem íþróttafélögum var gert að fella niður starfsemi.
- Starfstengd fríðindi og hlunnindi svo sem bifreiðastyrkir, dagpeningar eða húsaleiga teljast ekki til launakostnaðar.
- Greiðslur geta þó ekki orðið hærri en 400.000 kr. á mánuði fyrir hvern launamann eða hvern verktaka þar sem miðað er við almanaksmánuð, en hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil.

# Samstarf.

---

Það er lykilatriði svo vel takist til að íþróttahreyfingin og Vinnumálastofnun vinni vel saman, með því næst skilvirkni og góður árangur.

Við hlökkum til að vinna að þessu verkefni með ykkur og vitum að með góðu samstarfi munum við skila þessu stóra verkefni þannig að sómi verður af.

Takk fyrir.